

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 8. desember, var haldinn 149. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17:02. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Hafsteinn Númason, Eldey Huld Jónsdóttir, Sigrún Jóhannsdóttir og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Jóhanna Líf Sigurþórsdóttir og Emese Erzsébet Józsa, áheyrnarfulltrúar ungmennaráðs Kjalarness, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, Margrét Richter og Þorvaldur Guðjónssyni sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram til kynningar skýrsla innra eftirlits um hverfisráð og þjónustumiðstöðvar borgarinnar

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness lýsir yfir ánægju með að gerð hafi verið úttekt á starfi þjónustumiðstöðva og hverfisráða borgarinnar. Ahyggjur veldur hversu hátt hlutfall starfsmanna borgarinnar þekkir lítið til starfsemi hverfisráðanna og kemur það heim og saman við reynslu hverfisráðs Kjalarness þar sem fulltrúar þess fréttu af allt of oft af málum sem varða Kjalarnes annars staðar frá í stað þess að þau berist formlega inn á fundi ráðsins. Er vissulega þörf á að kynna hverfisráðin betur fyrir starfsmönnum borgarinnar og efla tengslin þar á milli. Hverfisráð Kjalarness tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í skýrslunni að auka þurfi möguleika hverfisráðanna til að vera virkari þátttakendur í stefnumótun hverfanna og ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva borgarinnar. Enn fremur þarf að skýra betur hlutverk hverfisráðanna og boðleiðir þeirra við aðrar stofnanir/starfsmenn borgarinnar. Á vef Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/hverfisrad> segir um hverfisráð: „Hverfisráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis. Þau eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum. Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi og umhverfi er snerta hverfið auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangsröðun framkvæmda í hverfinu.“ Hverfisráð Kjalarness telur ráðið gegna mikilvægu hlutverki í að efla samráð við íbúa Kjalarness og auka íbúalýðræði. Ráðið hefur lagt mikla áherslu á að efla félagsauð hverfisins og komið á formlegu samstarfi félaga og stofnana innan hverfisins undir nafninu Grænt Kjalarnes.

- Kl. 17:09 tekur Ásgeir Harðarson sæti á fundinum.
2. Fram fer umræða um kosningarniðurstöður í íbúaverkefninu Hverfið mitt.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness ítrekar bókun frá fundi ráðsins 8. september 2016 varðandi viðhald á brú yfir Klébergslæk við Klébergsskóla. Í kjölfar þeirrar bókunar var hafist handa við lagfæringar á brúnni en hafa þær ekki verið kláraðar og stafar enn hættu af óöruggum handriðum. Þetta verkefni varðar öryggi barna í hverfinu og er brýnt að það sé klárað sem allra fyrst.

3. Lögð fyrir fundinn styrkbeiðni frá Klébergsskóla til kaupa á kæli fyrir salatbar í mötuneyti skólans.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness veitir styrk til Klébergsskóla upp á 120.000 kr. til kaupa á kæli fyrir salatbar til þess að vinna markvisst í þágu verkefnis Klébergsskóla um heilsueflandi skólastarf.

4. Fram fer umræða um breytingar á leið 29 hjá Strætó.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness leggur til að samráð og samtal verði haft við notendur strætóleiðar 29 og sú vinna höfð til hliðsjónar þegar leiðakerfi strætó verður endurskoðað næst.

5. Lagt fram til kynningar erindi frá starfshópi um Fjölmenningsþing um fjölmenningsþing sem fram fer á fyrri hluta árs 2017.

**Fundi slitið kl. 17:22**

Sigríður Pétursdóttir

Guðfinna Ármannsdóttir  
Hafsteinn Númason

Sigrún Jóhannsdóttir  
Eldey Huld Jónsdóttir